

Íbúahreyingin



www.ibuahreyfingin.is • facebook: ibuahreyfingin • twitter: ibuahreyfingin • ibuahreyfingin@ibuahreyfingin.is



Kjósendur eiga val

Reynslan hefur kennt okkur að loforð stjórnmalaflokka fyrir kosningar gefa litlar vísbendingar um efndir að þeim loknum. Það er því stefna Íbúahreyingarinnar að lofa engu nema því að vinna af alúð og trúmennsku að lýðræðisumbótum og gegnsæi í stjórnsýslu og nefndarstarfi á komandi kjörtímabili. Við viljum hafa allt upp á borðum því það veitir valdhöfum aðhald sem aftur hefur mikil og jákvæð áhrif á það hvernig fjármunum sveitarfélagsins er ráðstafað. Áherslur Íbúahreyingarinnar eru því ekki loforðalisti heldur okkar sýn á verkefni sem stuðla að góðu samfélagi og við viljum vinna að í nánú samstarfi við íbúa.

Íbúahreyingin

gerir kröfu um gott siðferði í stjórnmalum og leggur áherslu á ábyrgja fjármálastjórnun. Loftkastalar eru ekki á okkar verkefnalista, heldur raunhæfar aðgerðir sem nýtast þeim sem á þurfa að halda og þjóna hagsmunum samfélagsins. Góð menntun barnanna okkar, trygg afkoma heimilanna, félagslegt réttlæti, góð heilsa og öruggt umhverfi eru okkar leiðarljós. Okkar verkefni er að forgangsraða og tryggja jafnræði við úthlutun fjár.

Það eru gömul sannindi og ný að það er engum stjórnmaláöflum hollt að drottna of lengi því þannig tapast aðhaldið sem er áhrifamesta stjórnþæki bæjarbúa. D-listi hefur ráðið lögum og lofum í Mosfellsbæ í tólf ár og tími til kominn að hann fái tækifæri til að endurnýja sig. Þótt ýmislegt hafi verið gott, hefur of margt farið úrskeiðis og efndir oft og tíðum reynst litlar.

Það er fyrir tilstuðlan Íbúahreyingarinnar að nú má hlusta á hljóðritanir frá bæjarstjórnarfundum. Mörg mál í þágu lýðræðislegra vinnubragða hafa verið reifuð og unnin saman af minnihlutunum í nefndum og bæjarstjórn. Með eftirgangsmunum hefur minnihlutinn þurft að sækja lögvarinn rétt allra stjórnmalaflokka til að fá mál sett á dagskrá funda og í tvígang hefur þurft að hlutast til um málið í bæjarstjórn. Við sem höfum setið í minnihluta undanfarin ár höfum verið

minnt á það hvað eftir annað hversu stutt á veg kominn Mosfellsbær er í að innleiða lýðræðislegt verklag og það þrátt fyrir að mótuð hafi verið lýðræðisstefna árið 2011. Í henni er skýrt tekið fram að fundargerðir eigi að vera „lýsandi fyrir efni fundarins og þær ákvarðanir sem þar eru teknar og afstöðu einstakra nefndarmanna í því skyni að tryggja gegnsæi í nefndarstörfum“.

Í stað þess að bregðast við ábendingum hefur meirihlutinn farið í vörn og jafnvel varið gamaldags vinnubrögð við ritun fundargerða hvað ofan í æ. Þetta er slæmt því gegnsæi í nefndarstörfum hefur ríkan lýðræðislegan tilgang, þ.e. „að virkja íbúa til þátttöku í mál-efnum og stefnumótun sveitarfélagsins og tryggja þannig aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og mótun nærumhverfisins.“, segir í lýðræðisstefnunni.

Eins og sést á þessu er stefnumótun eitt og raunveruleiki annað hjá þeim sem ráða í Mosfellsbæ. Það er í raun óskiljanlegt hvað þetta er erfið færðing því samfélagið kallar á breytt vinnubrögð í pólitík.

Íbúahreyingin vill að Mosfellsbær sé öðrum sveitarfélögum fyrirmynd í vandaðri og nútímalegri stjórnsýslu. Kjósendur eiga valið. Það er þeirra að sýna aðhaldið og tryggja að unnið sé í þeirra þágu.

Sigrún Pálsdóttir
oddviti Íbúahreyingarinnar
sigrun.pals@simnet.is

Skipulag geri ráð fyrir fötlun

Íbúahreyingin leggur áherslu á að fatlaðir einstaklingar fái alla þá samfélagsþjónustu sem þeir þurfa til að lifa mannsæmandi, sjálfstæðu og áhyggjulausu lífi. Fatlaðir eiga ekki að þurfa að upplifa þjónustu við sig sem ölmusu heldur á skipulag og innviðir samfélagsins að vera með þeim hætti að fatlaðir séu ekki stöðugt áminntir um fötlun sína. Samfélagið á einfaldlega að tryggja fötluðum jöfn tækifæri og fulla samfélagsþátttöku á við aðra.

Íbúahreyingin vill leita samráðs við fatlaða um þau mál sem á þeim brenna. Galdurinn í pólitík Íbúahreyingarinnar er yfirhöfuð samráð. Í þessum málaflokki er það sérstaklega brýnt þar sem fötlun er margvísleg og þarfirnar einstaklingsbundnar. Íbúahreyingin mun leggja sitt af mörkum til að Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verði fullgiltur og úrræði í málefnum fatlaðra löguð að honum.

Mikil vakning hefur orðið í samfélaginu um almenn samskipti við fatlaða og er það ekki síst að þakka öflugri baráttu notenda þjónustunnar sem barist hafa fyrir auknu sjálfsforræði. Við í Íbúahreyingunni teljum brýnt að vinna gegn fordómum í garð fatlaðra og munum leggja áherslu á það í okkar stjórnmalastarfi.

Sigrún H. Pálsdóttir, oddviti Íbúahreyingarinnar



Útgefandi: Íbúahreyingin í Mosfellsbæ
Heimasíða: www.ibuahreyfingin.is
Netfang: ibuahreyfingin@ibuahreyfingin.is
Ábyrgðarmaður: Birta Jóhannesdóttir, s. 775 6321
Ritstjóri: Kristín I. Pálsdóttir, s. 893 9327
Prentun: Prentmet
Dreifingaraðili: Póstdreifing
Upplag: 3.200

Áherslur Íbúahreyfingarinnar

Lýðræði

- Aukið íbúalýðræði
- Fagleg, heiðarleg og gegnsæ stjórnsýsla
- Valddreifing
- Réttlæti og jafnrétti



Skólar

- Byggja skóla í fullu samráði við foreldra, kennara og aðra íbúa
- Sameiginlegt námsver fyrir alla skóla fyrir börn með hegðunar- og námsvanda
- Fjölga fagmenntuðum kennurum á leikskólum
- Bæta starfsumhverfi og auka starfsánægju kennara

Íþróttir

- Bæta aðstöðu til almenningsíþróttar og útivistar með litlum og skjólgóðum æfingavæðum við vinsælar göngu-, hlaupa- og reiðleiðir.
- Hækka frístundaávisun verulega
- Bæta félagsaðstöðu fyrir íþróttaiðkendur í íþróttahúsinu við Varmá

Tómstundir

- Styttu biðlista í tónlistarnám
- Tómsundaávisun fyrir nemendur í framhaldskólum til 20 ára aldurs
- Tómsundaávisun fyrir eftirlaunaþega, öryrkja og fatlaða

Menning

- Velja Hlégarði hlutverk í samráði við listafólk, félagsamtök og íbúa
- Endurskoða styrkjaumhverfið og tryggja kórum föst framlög
- Hlúa að sögulegri arfleið Mosfellsbæjar

Skipulag og samgöngur

- Kanna möguleika á innanbæjarstrætó
- Göngu-, hjóla- og reiðstígar myndi samfelld net
- Kortleggja land- og náttúrugæði, fuglalíf, votlendi, jarðhitasvæði o.fl. og nota upplýsingarnar sem grunn að skipulagi
- Skipulag ýti undir grænan lífstíl

Umhverfi

- Vakta mengun í ám, sjó og vötnum og deila niðurstöðum með íbúum jafnóðum
- Friðlýsa stærri landslagsheildir en hingað til s.s. Leiruvog og Varmá
- Hefja vinnu við fuglafræðslustíg meðfram strandlengjunni í Leiruvogi
- Mosfellsbær verði plastpokalaus bær

Húsnæði

- Mosfellsbær leiti leiða til að leysa húsnæðisvanda efnaminni íbúa

Eldri borgarar

- Mosfellsbær beiti sér fyrir því að stofnendur Eirar taki þátt í áhættu íbúa á Eirhömrum og gangist í ábyrgð á skuldabréfum Eirar til íbúa.
- Tómsundaávisun fyrir eldri borgara

Fatlaðir

- Þjónusta við fatlaða tryggja þeim sjálfstætt og áhyggjulaust líf
- Tómsundaávisun fyrir fatlaða

Atvinna

- Endurvekja atvinnumálanefnd
- Skapa fyrirtækjum lífvænlegt rekstrarumhverfi

Fjármál

- Ábyrg fjármálastefna
- Grunnþjónusta fyrir íbúa í fyrsta sæti
- Lán sveitarfélagsins verði óverðtryggt í framtíðinni

Er löglegt að féfletta gamalmenni?

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ sem býður fram M-lista í komandi bæjarstjórnarkosningum hyggst beita sér í málefnum aldraðra, m.a. málefnum Eirar. Mér hefur í framhaldi af því verið boðið að taka þátt í því verkefni og heiðurssetið á framboðslistanum sem ég hefi þegið.

Ingimar Sveinsson fyrrum bóndi á Egilsstöðum og kennari við Bændaskólann á Hvanneyri skipar heiðursseti á lista íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ.

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ sem býður fram M-lista í komandi bæjarstjórnarkosningum hyggst beita sér í málefnum aldraðra, m.a. málefnum Eirar. Mér hefur í framhaldi af því verið boðið að taka þátt í því verkefni og heiðurssetið á framboðslistanum sem ég hefi þegið.

Í febrúar 2011 seldum við hjónin einbýlishús okkar á Hvanneyri og fluttumst til Mosfellsbæjar og keyptum svokallaðan „búseturétt“ að Eirhömrum í Mosfellsbæ. Við vorum komin á þann aldur að ég taldi skynsamlegt að tryggja okkur dvalarstað sem hentaði í ellinni og taldi Eir fýsilegan og öruggan kost. Þessi svokallaði „búseturéttur“ á Eir var kynntur þannig: Þú kaupir íbúðina eða búseturéttinn og munurinn samanborið við venjuleg íbúðarkaup er að þú mátt ekki selja hana eða leigja til annarra. Á móti skuldbindur Eir sig til að kaupa íbúðina við brottflutning eða andlát. Búseturéttarhafa er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn eða önnur réttindi samkvæmt samningnum. Íbúarnir greiða auk þess húsgjöld rúmar 40.000 kr. á mánuði. Einnig fasteignagjöld, tryggingar og rafmagn eins og um eignaríbúð sé að ræða. Greitt er aukalega fyrir sérþjónustu svo sem fyrir mat og þrif á íbúð ef þess er þörf. Ég vil taka fram að á Eir í Mosfellsbæ er ágætt að búa, gott starfsfólk og þjónusta.

Síðan þróuðust mál þannig að Eir varð tæknilega gjaldþrota. Fyrrverandi stjórnendur ráðstöfuðu fé íbúanna til annarra og óviðkomandi hluta, tóku lán út á íbúðirnar og veðsettu þær. Hæpið er að það standist lög að veðsetja eignir annarra án vitundar þeirra og samþykkis. Hvergi er getið í samningnum um slíka heimild. Eftir standa íbúðaréttarhafar veðlausir og í óvissu um stöðu sína. Til að forða gjaldþroti og tryggja búsetu sína áfram hafa þeir verið neyddir til að undirrita nauðasamninga um að taka við 30 ára skuldabréfi í stað umsamdrar endurgreiðslu. Slík skuldabréf eru óseljanleg og einskisverður pappír þar sem enginn vill bera ábyrgð á þeim.

Hverjir eru ábyrgir?

Eir er sjálfseignarstofnun sem er rekin samkvæmt heilbrigðislögum og lögum um málefni aldraðra. Að Eir standa Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær og Mosfellsbær ásamt allmörgum stofnunum, m.a. VR, Eflingu, Skjóli, ÖBI o.fl. Þess-



ir aðilar skipa 37 manna fulltrúaráð sem kys stjórn sem síðan ræður framkvæmdastjóra. Þetta hljóta því að vera þeir aðilar ásamt ríkinu sem eru í raun ábyrgir fyrir því hvernig komið er. Það ætti því að vera skylda þessara aðila, ef ekki lagalega þá að minnsta kosti siðferðislega, að deila ábyrgðinni með íbúunum.

Ráðuneyti og þau sveitarfélög sem stóðu að stofnun Eirar hafa hingað til viljað firra sig allri ábyrgð bæði fjárhagslegri og siðferðislegri. Reynt hefur verið að þagga málið sem mest niður á þeim forsendum að „þetta sé bara skuld sjálfseignarstofnunarinnar Eirar við einkaaðila“, - tveggja milljarða skuld við um 200 gamalmenni, - og því borið við að samkvæmt lögum megi sveitarfélögin enga ábyrgð veita.

Kannski er bara löglegt að svíkja eða féfletta gamalmenni á Íslandi í dag?

Ég tel að sú skömm sem íslenskt velferðarþjóðfélag hlýtur ef þetta ábyrgðarleysi fær að viðgangast sé enn alvarlegri heldur en hið fjárhagslega tjón búseturéttarhafanna.






1. Sigrún H. Pálsdóttir
56 ára, B.A. í heimspeki, verkefnisstjóri og leiðsögumaður. Sigrún er gift Eggerti B. Ólafssyni lögmanni og á tvö börn, Pál Ragnar og Margrétu Þórhildi.



3. Hildur Margrétardóttir
46 ára, myndlistarkona og kennari. Hildur er gift Jóhannesi B. Eðvarðssyni húsasmíðameistara og á tvö börn, Unu og Hafstein Snorra.



4. Jón Jóhannsson
59 ára, glerlistamaður og garðyrkjubóndi. Jón á tvö uppkomin börn, Esju og Jóhann. Unnusta Jóns er Vala Ólafsdóttir verslunarstjóri.




5. Birta Jóhannesdóttir
44 ára, leiðsögumaður og klínískur tannsmiður. Birta starfar hjá Extreme Iceland og er tengiliður erlendra starfsmanna hjá Héðni.



6. Þórður Björn Sigurðsson
37 ára, mannfræðingur, skrifstofustarfsmaður hjá GoNorth, ferðaskrifstofu. Þórður er í sambúð með Aðalheiði Guðjónsdóttur og á fjögur börn.




7. Úrsúla Jünemann
63 ára, kennari í Varmárskóla og leiðsögumaður. Úrsúla er gift Guðjóni Jenssyni bókasafns- og upplýsingafræðingi og á tvo uppkomna syni, Jens Bernward og Pál Helmut.



8. Jóhannes B. Eðvarðsson
48 ára, sjálfstætt starfandi húsasmíðameistari. Hann er giftur Hildi Margrétardóttur myndlistarkona og kennari og á tvö börn, Unu og Hafstein Snorri.



9. Kristín I. Pálsdóttir
50 ára, bókmenntafræðingur. Kristín starfar við textagerð. Hún er gift Ib Göttler landbúnaðartæknifræðingi. Dætur Kristínar eru Margrét sem lést árið 1991, Sigrún og Matthildur Louise.



10. Emil Pétursson
45 ára, húsasmíðameistari. Emil rekur eigið fyrirtæki. Sambýliskona hans er Ólafía Bjarnadóttir og hann á fjögur börn.



11. Alma Ó. Guðjónsdóttir
34 ára, leikskólakennari á Waldorf-skólanum Sólstöfum. Hún er gift Sveinberg Þór Birgissyni leikmyndasmið og eiga þau þrjú börn, Jakob Mána, Lottu Láru og Stefán Galdur.



12. Páll Kristjánsson
63 ára, hnífasmíður. Páll rekur eigið verkstæði í Mosfellsbæ. Hann er giftur Soffíu Alice Sigurðardóttur leiðsögumanni og listakonu og á 4 uppkomin börn, 6 afabörn og 1 langafabarn.



13. Sæunn Þorsteinsdóttir
47 ára, myndlistarkona og verkstæðisstjóra. Sæunn er gift Ásgeiri E. Guðnasyni og á tvo syni, Fjölni og Trausta.



14. Valdís Steinarrsdóttir
48 ára, skyndihjálparkennari.



15. Sigrún Guðmundsdóttir
49 ára, umhverfis- og auðlindafræðingur. Hún er gift Ævari Erni Jósefssyni rithöfundu og á tvær uppkomnar dætur, Þórhildi Sunnu og Eddu Karólínu.



16. Soffía A. Sigurðardóttir
50 ára, BA í guðfræði, leiðsögumaður og listakona. Soffía starfar að eldhúshnífasmiði. Hún er gift Páli Kristjánssyni hnífasmíð og á tvo uppkomna syni.



17. Ellen Ruth
Ingimundardóttir, 47 ára, dýralæknir. Ellen er gift Richard Må Jónssyni rafmagnsverkfræðingi og á tvö börn, Mikael Inga og Aldísi Ingu.



18. Ingimar Sveinsson
86 ára, fv. bóndi og kennari í hestafræðum. Ingimar er giftur Guðrúnu Gunnarsdóttur. Þau eignuðust fimm börn, Sigríði Fanney, Gunnar Snælund, Kristínu Maríu, Ásdísi sem lést árið 2012 og Svein Óðinn.

Vissir þú að Íbúahreyfingin...

- ... hefur unnið ótulllega að því að auka gagnsæi í stjórnslu Mosfellsbæjar?
- ... gerði verðkönnun á fullkomnu kerfi til að sjónvarpa bæjarstjórnarfundum og komst að því að það myndi kosta lítið og auka gagnsæi mikið?
- ... hefur barist fyrir bættri og gagnsærri ritun fundargerða?
- ... kvað niður óraunhæfar og gamaldags hugmyndir um villidýrasafn með píkusafni
- ... lagði til að gerðar yrðu verklagsreglur um merkingu trúnaðargagna?
- ... berst fyrir almannahagsmunum og gegn sérhagsmunum?
- ... lagði til að fólksvangurinn að Bringum yrði stækkaður til muna?
- ... hefur í tvígang lagt fram tillögu um könnun á grunvelli fyrir innanbæjarstrætó?
- ... hefur lagt til að Mosfellsbær fari í samningsviðræður við eigendur Helgafellsslands og Leirvogstungu um lækun lóðaverðs?
- ... kom upp um ólöglega sjálfskuldarábyrgð Mosfellsbæjar fyrir einkafyrirtæki?
- ... vill að bæjarstjórnin fái hjól en ekki jeppa?
- ... berst fyrir því að áheyrnarfulltrúar fái greitt fyrir sín störf í nefndum?
- ... auglýsti eftir fagfólki í nefndarstörf?
- ... vill faglegan bæjarstjóra en ekki pólitískar?
- ... vill að afskriftir á skuldum lögaðila séu opinberar
- ... barðist fyrir því að fá fundargerðir stjórnar Eirar afhentar
- ... krafðist afsagnar stjórnar Eirar?



Hvernig Mosfellsbæ vilt þú?

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum vorum við Mosfellingar heppnir. Hér buðu sig fram vaskir bæjarbúar sem vildu sjá lýðræðislegri og opnari stjórnun bæjarins og auka þannig möguleika á góðu, sanngjörnu samfélagi. Já, við vorum verulega heppin, forystufólk Íbúahreyfingarinnar gerði það sem þau lofuðu. Þau spurðu óþægilegra spurninga, komu með fínar tillögur um hin ýmsu þjóðþrifamál og gerðu pólitíkina skemmtilega inn á milli, t.d. með tillögu sinni um píkusafn og - haldið ykkur fast – þau héldu þetta út allt kjörtímabilið! Það er meira en ég get sagt. Ég hélt út þrjú ár af fjórum í umhverfisnefnd fyrir Íbúahreyfinguna.

Ég var ekki í Íbúahreyfingunni en skömmu eftir kosningar auglýstu forsvarsmenn hennar eftir fagfólki í nefndarstörf, þ.e. bæjarbúum með þekkingu á viðkomandi nefndarsviði. Þessi nýbreytni hreyfingarinnar er snjöll og gerir miklar framfarir mögulegar. Mig þyrsti í umbætur í umhverfismálum til hagsbóta fyrir fólkið í sveitinni minni og fólkið sem tekur við af okkur — því tilhögun umhverfismála hefur iðulega áhrif til framtíðar — svo ég sló til. Margsannað er að lýðræði er besta form stjórnunar samfélaga sem fundist hefur fram til þessa og verður best þegar sem flestir taka þátt við mótun stefnu og útfærslu þeirrar þjónustu sem þeir eiga rétt á. Jafnframt er mikilvægt að fagfólk komi að ákvörðunum svo tryggja megi gæði og langtímahagsmuni bæjarins. Skemmst er frá því að segja að fagleg nálgun og umbótatillögur um mikilvæg málefni áttu ekki upp á pallborðið í um-

hverfisnefnd. T.d. var greinargerð, sem tók talsverðan tíma að vinna og innihélt álit starfandi sérfræðinga á viðkomandi sviði, um framtíðar aðalskipulag ekki vel tekið og þurfti að sæta lagi til að hún næði fram til næsta stjórnstígs. Því miður sýnir reynsla mín að umhverfisnefnd er/var helst ætlað að vera smá „almanna-tengsla-stassjón“ (umhverfisverðlaun, opnunarviðburðir o.s.frv.) og örlítill grænþvottur (t.d. umsagnir til bæjarstjórnar um takmarkaða þætti umhverfismálanna). Henni er ekki ætlað að hafa áhrif á stefnumótun eða þróa umhverfismálarekstur. Svona málefnavinnsla er auðvitað óskynsamleg, ólýðræðisleg og óhagkvæm. Þessi vinna reyndi meira á þolrifin en nokkur önnur sem ég hef innt af hendi. Tíminn er auðlind, náttúran er lífsnauðsynleg auðlind og gríðarlega mikilvægt að hún sé nýtt á sjálfbæran hátt. Elsku grannar. Það skiptir máli hvernig

bænum er stjórnað, hvernig farið er með náttúruna, börnin í skólunum, göturnar þurfa að vera góðar, menning og listir eru nauðsyn, fjármunum þarf að vera vel var- ið og svo má lengi halda áfram. Mikilvægt er að breyta pólitík bæjarins úr klíkufélagi í mann- og umhverfisvæn stjórnsmál. Eflaust sárnar einhverjum þessi lýsing mín. Auðvitað eru ekki allir í klíkunni og ég hef ekki innsýn í pólitíkina nema að hluta. En aukið lýðræði er fær leið til að gera bæ- inn betri. Skoðið stöðu málefna sem ykkur eru mikilvæg (t.d. má hlusta á bæjar- stjórnarfundir). Hvaða markmið skal setja? Eru álitlegir stjórnendur til staðar? Ef ekki er nauðsynlegt að ganga sjálfur í málin. Gerum bæinn okkar betri og búum í hag- inn fyrir komandi kynslóðir. Íbúahreyfing- in er besta leiðin til þess.

Sigrún Guðmundsdóttir, umhverfisfræðingur er í 15. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar.

„Margsannað er að lýðræði er besta form stjórnunar samfélaga sem fundist hefur fram til þessa og verður best þegar sem flestir taka þátt við mótun stefnu og útfærslu þeirrar þjónustu sem þeir eiga rétt á“



Gerum bæinn okkar betri og búum í haginn fyrir komandi kynslóðir - Íbúahreyfingin er besta leiðin til þess!

Að forgangsraða...

Mosfellsbær er fallegur bær í örur vexti. Meðalaldur íbúa er frekar lágur og barna- fjölskyldur virðast sækja hingað. Hér er gott og fjölbreytt umhverfi, þökkaleg þjón- usta og öflug félags- og tómstundastarfsemi.

Nú er stutt í kosningar. Þeim flokkum sem bjóða fram hættir að lofa upp í ermina á sér. Svo mun koma tómarúm á eftir og enginn kannast við að hafa verið með fagur- gala og fegrunartal í aðdraganda kosninganna.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið allsráðandi í þrjú kjörtímabil. Á þeim tíma hefur margt gerst og hrúðið hefur sjálfsagt sett strik í reikninginn á mörgum sviðum. Þrjú nýbyggingahverfi voru skipulögð á sínum tíma en kapp var meira en forsjá og stór- hugurinn allsráðandi. Menn vildu helst – og vilja enn – selja dýrar lóðir undir stór einbýlishús sem fáir hafa efni á. Hvar eru litlu íbúðirnar á viðráðanlegu verði? Hvar er gott framboð á leiguhúsnæði í Mosfellsbænum?

Með ört vaxandi íbúafjölda hafa grunnskólarnir stækkað um of og eru orðnir að hálfgerðum „skríslum“. Kennt og leiðbeint er í öllum skúmaskotum, á göngunum og í myglusæknum kjöllurum. Mötuneytisaðstæðurnar eru ófullnægjandi, þar er hvorki friður né næði til að borða og hávaðinn þannig að starfsmenn eru sumir með heyrnarhlífar. Heilsueflandi samfélag?

Með þeirri stefnu að hafa skóla án aðgreiningar fáum við nemendur í grunnskólana sem hafa mjög mismunandi getu og þarfir. Eitt barn með hegðunarörðugleika getur sett alla kennslu í fullskipuðum bekk í uppnám. Til þess að hvert barn fái kennslu við sitt hæfi þarf að vera tækifæri til að kenna í ólíkum og misstórum hópum. Það krefst meira rýmis, aukins mannskaps og fleiri sérfræðinga í skólana. Og þetta kost- ar!

Grunnskólamálin í Mosfellsbænum eru svona 10 árum á eftir í þróun. Fyrir löngu hefði átt að byrja á byggingu nýs grunnskóla en yfirvöld hafa sofið á verðinum. Skólamálin þurfa að vera í fyrsta sæti þegar kemur að fjárhagsáætlun, allt of lengi hefur verið sparað í þeim flokki. Allt hjál um gæluverkefni þarf að setja til hliðar. Það þarf að forgangsraða rétt. Hugmyndin um fjölnota íþróttahús sem nú er talað um í aðdraganda kosninganna er góð og gild og spennandi. En á meðan skólamáluðum er ekki betur sinnt verða svona framkvæmdir að bíða.

Úrsúla Jünemann og Hildur Margrétardóttir eru í 7. og 3. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar



KNATTSPYRNUHÚS

Ert þú fylgjandi byggingu fjölnota íþróttahúss í Mosfellsbæ?

Þetta er ein af þeim spurningum sem DV spyr frambjóðendur í Mosfellsbæ í sínum kosningaleik. Enginn frambjóðandi hefur þorað að svara þessari spurningu neitandi þar sem mikill áhugi virðist vera fyrir slíkrri byggingu í bænum. Það er því ekki líklegt til vinsælda að vera á móti því. Mig langar hins vegar að svara spurningunni á eftirfarandi hátt.

Í fyrsta lagi held ég að við ættum að fara að kalla húsið sínu rétta nafni og kalla það knattspyrnuhús. Jú, að sjálfsögðu væri gaman að hafa knattspyrnuhús í Mosfellsbæ. Ég er mikill aðdáandi hinnar göfugu íþróttar knattspyrnu og stundaði hana sjálfur á mínum yngri árum við ömurlegar aðstæður á malarvöllum, víðsvegar á hófuðborgarsvæðinu, oftast í rigningu og stormi. Ég er enn með kalblett á litlu tá hægri fótar eftir leik við Fylki þar sem boltinn hvarf í einni hviðunni og fannst ekki fyrr en eftir hálf tíma.

Það voru nefnilega ekki aukaboltar til staðar í þá daga, ónei.

Sem sagt ég er fylgjandi byggingu knattspyrnuhúss.

En hvað kostar slíkt hús? Fullbúið knattspyrnuhús í fullri stærð kostar ekki minna en einn milljarð. Og þar stendur hnifurinn í frúnni, eins og Dabbi vinur minn sagði alltaf. Skuldastaða Mosfellsbæjar er þannig að bærinn skuldar 130% af tekjum og samkvæmt lögum má hann ekki skulda yfir 150%.

Nú þegar er búið að samþykka byggingu tveggja nýrra grunnskóla sem munu kosta 4,6 milljarða samtals. Sveitarfélagið er því komið með miklar fjárhagsskuldbindingar sem almennt er samstaða um að séu nauðsynlegar.

Staðreyndin er því sú að það eru ekki miklar líkur á því að við höfum efni á að reisa knattspyrnuhús á næstu árum þó svo að mikill áhugi sé fyrir því að fá slíkt hús í bæjarfélagið. Nema að við viljum komast undir væng eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Ég vil því vekja athygli á þeim stjórnsmálamönnum sem tala hvað hæst um byggingu knattspyrnuhúss á að það er ekki fallega gert að búa til væntingar sem augljóst er að ekki verður hægt að standa við.

Að lokum vil ég benda á að árið sem knattspyrnuhúsið á Akranesi var tekið í notkun féll ÍA úr efstu deild og árangur þeirra hefur verið með versta móti síðan. Í þessu sambandi er gott að hafa í huga að það er innihaldið sem skiptir mestu en ekki umgjörðin.

Jóhannes B. Eðvarðsson er í 8. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar